

## 137. fundur skráningaráðs haldinn 8. febrúar 2024 kl. 9-11 á Teams

Mættir voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir (fundarritari), Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Farið var yfir eftirfarandi atriði frá síðasta fundi (í fundargerð):

3) Innfluttar færslur.

Búið var að yfirfara leiðbeiningarnar í HASKinu, 15.01.24. Fundarmenn voru sammála um að þær væru fínar.

5) Lágmarkskóðun í innfluttum færslum.

Kóðar fyrir landshluta í sviði 008 (15-17) í innfluttum færslum. Samþykkt að ekki þarf að fínflokka t.d. fylki í Bandaríkjunum. Almenna reglan er að miða við lönd og ekki fylki.

6) Umræðuvettvangur skrásetjara. Ákveðið var að halda áfram með Vöndu og HASK meðan ekki finnst betri umræðuvettvangur.

### 2. Innfluttar færslur (leiðbeiningar)

Leiðbeiningarnar á HASKinu voru samþykktar eins og áður komið fram. Doddi ætlar að setja inn ábendingu á Vöndu varðandi landakóðana í sviði 008 og einnig hvaða upplýsingar eiga heima í sviði 520.

Fyrirspurn frá Dodda hvort OCLC grunninn loki alveg og hvenær, Kristín Lilja ætlar að kanna málið.

### 3. Óformlegar ritraðir – skráning (erindi frá Kristínu)

Varðandi óformlegar ritraðir þá skal skráningaráð taka afstöðu til þeirrar vinnu eða hvort eigi að leggja í þá vinnu að skrá óeiginlegar ritraðir.

Ráðið samþykkti að verkefnið yrði unnið áfram og að lögð yrði áhersla á íslenska höfunda til að byrja með. Ákveðið var að halda áfram að skrá ritraðir í svið 800.4 \$\$t. Sú vinna er þegar hafin á Landsbókasafni og þar af leiðandi verður að uppfæra leiðbeiningar varðandi það sem fyrst inn á HASKinu. Stefnt er á að kynna verklagið fyrir skrásetjurum á fræðslufundi í vor. Starfsmenn Landsbókasafnsins hafa útbúið nafnmyndafærslur fyrir um 25 seríur skv. Kristínu Lilju.

### 4. Notendanöfn skrásetjara

Spurning frá Dodda varðandi notendanöfn skrásetjara. Þau mega ekki vera lengur á netinu vegna persónuverndarlaganna. Sigrún ætlar að kanna hvort hægt er að finna lausn á því hvar megi hafa aðgang að slíkum lista.

### 5. Önnur mál

- Sigrún sagði frá vinnu við rafræn gögn í Ölm. Unnið er að leiðbeiningum varðandi það efni sem hún ætlar að kynna fyrir okkur þegar þær verða tilbúnar.

- María bar upp erindi varðandi safnfærslur og í framhaldi af því var ákveðið að halda áfram með það verkefni á næsta fundi.
- Sigrún og Kristín Lilja ætla að setja niður tíma fyrir fræðslufund skrásetjara í lok maí eða byrjun júní.